



Lótus

Lótusinn er fagurt blóm sem vex upp úr drullunni og er því fyrst og fremst tákni fegurðar og andlegs þroska. Lótusinn er með ræturnar í moldinni en flýtur á vatninu án þess að verða blautur eða moldugur. Hindúar vilja því meina að lótusinn sýni fólki að til þess að geta öðlast moksha eða frelsun frá endufæðingu þurfi það að geta lifað án þess að tengjast hinu veraldlega.



Lótusinn táknar einnig hreinleika, guðdómleik, líf, frjósemi og endurnýjun.

Hindúar trúa því að þegar líkaminn deyr lifi sálin áfram og **endurfæðist** í öðrum líkama.

Menn og dýr eru **frjósöm** ef þau eignast mörg afkvæmi og jörðin og náttúran er frjósöm ef af henni er hægt að rækta mikinn mat s.s. ávexti og grænmeti.

Lótusinn er auk þess tengdur fjölda guða hindúa. Guðinn Krishna er oft kallaður „sá með lótus augun“ sem vísar í guðlega fegurð hans. Auk þess hafa guðirnir Brahma, Lakshmi, Vishnu og Sarasvati oft verið tengdir við lótusinn en flestir guðanna eru annaðhvort sýndir sitja á lótus eða halda á lótus.

Spurningar

1. Hvað táknar lótusinn?
2. Hvað segja hindúar að lótusinn geti sýnt fólki? Nefndu dæmi um hvernig fólk gæti fylgt þeim ráðum.
3. Hvers vegna er guðinn Krishna oft kallaður „sá með lótus augun?“